



Landssamband löggreglumanna
Snorri Magnússon, formaður
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarrhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 8. október 2015
Tilv.: FJR15090079/14.4.7

Athygli fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur verið vakin á því að fjöldi löggreglumanna á landinu öllu, hyggist tilkynna veikindi föstudaginn 9. október, sem og aðfararnótt laugardagsins 10. október. Jafnframt verði veikindi tilkynnt 16. október og svo aftur dagana 27. – 28. október nk. Eru framangreindar aðgerðir liður í því að knýja á um gerð kjarasamnings Landssambands löggreglumanna við ríkið.

Af því tilefni vill fjármála- og efnahagsráðuneytið benda á að samkvæmt 15. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er starfsmanni skylt að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt. Í 17. gr. s.l. kemur fram að forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa.

Í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir:

„Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.“

Af þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur undir höndum verður ekki annað séð en að fyrirhuguð veikindi löggreglumanna sé ólögmæt verkfallsaðgerð í þeim tilgangi að knýja á um bætt launakjör. Jafnframt vill ráðuneytið benda á að sú aðgerð að tilkynna veikindi, þegar ekki er um slíkt að ræða er brot á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og getur varðað áminningu. Trúnaðarlæknir þarf að votta að um raunveruleg veikindi sé að ræða.

Með vísan til þess, sem rakið hefur verið, er það mat ráðuneytisins að tilkynna veikindi, sem gert er í framangreindum tilgangi, til vinnustöðvunar samkvæmt lögum nr. 94/1986. Tilkynning um slíka vinnustöðvun hefur ekki borist ráðuneytinu, auk þess sem löggreglumenn mega hvorki gera verkfall ná taka þátt í verkfallsboðun skv. 31. gr. löggreglulaga nr. 90/1996.

Af hálfu ráðuneytisins er litið svo á að þessar aðgerðir löggreglumanna falli undir ofangreinda 2. mgr. 14. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar sem ekki hefur verið boðað til þeirra með lögmæltum hætti lítur ráðuneytið svo á að aðgerðir sem þessar séu ólögmætar og séu í eðli sínu ólögmæt þvingun sem er til þess fallin að knýja á um gerð kjarasamnings.

Ráðuneytið bendir á að stéttarfélög ein geta samkvæmt lögum tilkynnt eða gripið til ver�fallsaðgerða. Að sama skapi bera þau stéttarfélög sem standa í samningagerð, ábyrgð á því að félagsmenn þeirra grípi ekki til aðgerða í trúassi við lög, til að ná fram tiltekinni niðurstöðu í samningaviðræðum. Er því skorað á Landssamband löggreglumanna að beita sér fyrir því að ofangreindum aðgerðum verði hætt. Að öðrum kosti mun ráðuneytið grípa til viðeigandi réttarúrræða. Þá vekur ráðuneytið athygli félagsins á því að það getur orðið ábyrgt vegna þess tjóns sem kann að hljótast af hinu ólögmætu aðgerðum.

Ráðuneytið lýsir fullri ábyrgð á hendur félaginu vegna þessara aðgerða og áskilur sér rétt til að leita allra lögmætra leiða til að koma í veg fyrir eða takmarka það tjón sem þessar ólögmætu aðgerðir kynnu að valda kæmu þær til framkvæmda.

Ráðuneytið fer fram á að verða upplýst um afstöðu og viðbrögð Landssambands löggreglumanna fyrir kl. 17:00 í dag.



Helgi Valberg Jansson

Fyrir hönd ráðherra



Sara Lind Guðbergsdóttir

Ljósrit: Innnanríkisráðuneytið
Sölvhólgsgötu 7
150 Reykjavík